

## Ræktum Ísland - nokkrar ábendingar

Ég vil byrja á að þakka fyrir áhugaverða og aðgengilega skýrslu. Ég get tekið undir margt sem þar stendur. Mér finnst þó rétt að gera athugasemd við 7. kafla þar sem fjallað er um lífrænan landbúnað. Þetta er viðfangsefni sem ég hef kynnt mér töluvert, bæði uppruna þessarar hugmyndafræði og framkvæmd nú á dögum. Margir halda að þessi hugmyndafræði sé niðurstaða vísindasamfélagsins á því hvernig beri að stunda landbúnað á umhverfisvænan hátt og hvernig beri að framleiða holl matvæli, en svo er ekki.

Það eru um 100 ár síðan Rudolf Steiner og fleiri kynntu hugmyndir sínar um lífrænan landbúnað sem andsvar við tækniþróun í upphafi 20. aldarinnar. Þær byggðust ekki á vísindalegum niðurstöðum heldur áttu sér heimspekilegar og andlegar rætur. Ýmislegt í regluverki lífræns landbúnaðar stenst ekki vísindalega skoðun okkar tíma en samt er því enn haldið inni í hugmyndafræðinni. Þetta gerir það að verkum að ýmsar góðar lausnir eru bannaðar án þess að það sé stutt vísindalegum rökum. Sem dæmi um þetta má nefna tilbúin áburð og tilbúin varnarefni gegn illgresi, sjúkdómum og meindýrum. Einnig má í þessu sambandi nefna lyf fyrir búfé.

Þegar uppskera er fjarlægð af túnum eða ökrum fara næringarefni úr jarðveginum með uppskerunni. Vegna þessarar tilfærslu næringarefna frá túnum og ökrum verður að bæta næringarefnum í jarðveginn í staðinn til að ekki gangi mikið á forða jarðvegsins. Tilbúinn áburður inniheldur næringarefni á aðgengilegu formi fyrir plöntur og oft í miklum styrkleika þannig að kostnaður við flutning og dreifingu verður í lágmarki. Hann er því mjög hentugur áburðargjafi en mikilvægt að miða skammtastærð við aðstæður á hverjum stað. Hann er mikilvæg viðbót við belgjurtir, búfjáraður og annan úrgang sem verður til á hverjum stað.

Illgresi, sjúkdómar og meindýr valda miklu tjóni á uppskeru um allan heim. Það er sjálfsagt að standa þannig að ræktun að tjón af völdum þessa verði sem minnst. Stundum er ræktunartæknin ein og sér ekki næg og þá getur þurft að grípa til varnarefna. Hvort er þá betra að nota tilbúin varnarefni með sérhæfða virkni eða nota lífrænt vottuð náttúruleg efni þar sem virkni er ekki aðlöguð viðfangsefninu? Hið sama má segja um dýralyf. Er það veikum dýrum fyrir bestu að gefa þeim annað hvort engin lyf eða lífrænt vottuð efni sem ekki eru þróuð sérstaklega gegn viðkomandi sjúkdómi? Myndum við vilja hafa þetta þannig í okkar heilbrigðiskerfi?

Það er vandasamt að setja fram ábendingar og gagnrýni um lífrænan landbúnað eins og svo margt annað sem fólki er hugleikið og kært. Ég hef litið svo á að það sé skylda fræðimanna að benda á það ef verið er að markaðssetja vörur eða hugmyndafræði sem stangast á við þekkingu okkar á viðkomandi sviði. Þetta gildir ekki bara um landbúnaðinn. Læknisfræðin, lyfjafræðin, matvælafræðin og fleiri fræðasvið þurfa stöðugt að upplýsa fólk um það sem boðið er upp á en á sér ekki faglegan grundvöll. Að þessu sögðu, þurfum við líka að hafa auðmýkt gagnvart því hvað þekking okkar er takmörkuð og það sem við teljum rétt í dag getur verið talið rangt á morgun. Þekking okkar á hverjum tíma þarf þó að vera útgangspunkturinn en við þurfum að hafa hana í stöðugri endurskoðun. Við þurfum jafnframt að sýna fólki og skoðunum þeirra virðingu.

Þó að ég telji það skylda fræðimanna að upplýsa samfélagið hafa þeir ekki rétt til að taka fram fyrir hendurnar á fólki. Ég virði rétt fólks til að velja sinn lífsstíl og vörur. Þegar kemur að því að móta stefnu samfélags á einhverju sviði, t.d. landbúnaði, tel ég að vísindaleg þekking þurfi að ráða för. Ég skil það sjónarmið að vilja uppfylla óskir neytenda og þá einnig óskir um lífræna vöru. Ég held hins vegar að margir neytendur séu ekki endilega að biðja um lífrænar vörur heldur hollar vörur og umhverfisvænar en hvorugt er tryggt með lífrænni vottun. Slík vottun tryggir ákveðnar framleiðsluáferðir sem alls ekki

þurfa að skila betri niðurstöðum í þessum atriðum. Lífrænar vörur eru hins vegar jafnan kynntar sem betri vörur.

Það er hægt að blekkja neytendur um tíma en fyrr eða síðar átta þeir sig á því ef vörurnar standa ekki undir því sem sagt er. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir bændur að byggja framleiðsluaðferðir sínar á bestu þekkingu á hverjum tíma og landbúnaðarstefna þjóðarinnar þarf einnig að gera það.

Virðingarfyllt

Guðni Þorvaldsson

Prófessor við Lbhí